

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	12. mars 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörg Traustadóttir
Verkefni/tillaga:	Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)
Þjónustubáttur:	Þjónusta við fatlað fólk, notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)
Stofnun/kostn.st.:	F4410
Fjárhæð:	445,6 mkr. eru áætlaðar 2019.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
<p>Lagt er til að samþykktar verði reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). NPA er þjónusta við fatlað fólk og grundvallast á 11. og 40. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018. Í lögum nr. 38/2018 er NPA lögfest sem þjónustuform og er gengið út frá ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.</p> <p>Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð eru í sjö köflum auk bráðabirgðaákvæðis. Innleiðing notendastýrðrar persónulegar aðstoðar mun eiga sér stað á tímabilinu 2019-2022. Gildistími reglnanna er frá 1. maí 2019 til 31. desember 2022.</p> <p>Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og er markmiðið að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað.</p>
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Samþykkt tillögunnar sem slíkar stuðlar að jöfnum rétti fatlaðs fólks til samræmis við ófatlað fólk.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Notendastýrð persónuleg aðstoð snertir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þjónustan nær til þeirra sem hafa þörf fyrir meiri og sérhæfðari stuðning / þjónustu en unnt er að mæta á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan hefur þau áhrif að fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem fær NPA þjónustu verður við stjórnvölinn í eigin lífi og stýrir sjálft þeirri þjónustu sem það fær. NPA eykur frelsi og bætir borgaraleg

réttindi fatlaðs fólks sem þarf aðstoð í daglegu lífi til að njóta réttinda, sinna skyldum, öðlast ábyrgð og lifa því sjálfstæða lífi sem það vill.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?¹

Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.